

129

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Við 52. gr. Greinin orðist þannig:

Sektir samkvæmt lögum þessum er þó stjórnarráðinu heimilt að lækka,
og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar málsbætur eru, til 1. júlí 1937.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

130

31. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

2. töluliður 1. gr. laga nr. 54 15. júní 1926 hljóði svo:

Af akkerisfestum (hlekkjafestum), akkerisvindum, akkerum, baðlyfum,
baðmullarfræsoliu (cottonseedoil), barkarlit, bátsuglum (Davider), bifvélum
(motorum) heilum og í hlutum, bjarghringum, björgunarbeltum, blásteini, blikki,